Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **OXY CombiTabs**

Vörunúmer: **5027** **1 kg (20 g töflur)**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Sótthreinsiefni.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Activ Pool ApS
Ledreborg Allé 128K
4000 Roskilde, Danmörk
00-45-70226856
info@activpool.com
www.activpool.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H302	Hættulegt við inntöku	Bráð eit.4
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	Húðæt. 1B
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H302	Hættulegt við inntöku
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH208	Inniheldur díkalíumperoxódísúlfat. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P260	Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/úringi.
P303 + P361 + P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat) (virkt efni 78,5%), díkalíumperoxódísúlfat.

2.3 Aðrar hættur: Varan er merkt sem hættuleg. Afhendist í umbúðum með barnaöryggi.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat)			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119485567-22	**Innihald %**	**60 - 80**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	274-778-7	**H-setningar**	-
CAS	70693-62-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 - **H302**,Húðæt.1B - **H314**, Augnskað.1 - **H318**, Langv.eit.á vatn 3 - **H412**			

Díkalíumperoxódísúlfat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**0,25 - < 1**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	231-781-8	**H-setningar**	-
CAS	7727-21-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Ox.fast efni - **H272**, Bráð eit.4 - **H302**, Húðert.2 - **H315**, Húðnæm.1 - **H317**, Augnert.2 - **H319**, Önd.næm1 - **H334**, SEM-VES 3 - **H335**			

Annað: ATE (blanda-inntaka) = 503,776 - 755,664.
Eye Cat. 1 Sum = Sum(Ci/S(G)CLi) = 20,9336 - 31,4004
Skin Cat. 2 Sum = Sum(Ci/S(G)CLi) = 62,8 - 94,2
N chronic (CAT 3) Sum = Sum(Ci/(M(chronic)i*25)*0.1*10^CATi) = 2,512 - 3,768

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. Veitið öndunaraðstoð við öndunarerfiðleika. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum.

Snerting við húð Hreinsið húð. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið ekki lífræn leysiefni.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni eða augnskoli (15 mín) og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax læknis. Haldið áfram skolun.

Inntaka Skolið munn strax og drekkið mikið vatn. Leitið strax læknis og hringið eftir sjúkrabíl. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Haldið þá höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Veldur alvarlegum vefjaskaða. Varan inniheldur ætandi efni. Innöndun gufu eða úða getur valdið hósta, sviða og ertingu í öndunarvegi og lungnaskaða. Ætandi efni valda varanlegum augnskaða. Ætir húð.
Varan inniheldur efni sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki með næmingu.
Næmandi áhrif. Varan inniheldur efni sem geta valdið ofnæmi við innöndun.
Ofnæmisviðbrögð hefjast að jafnaði um klukkustund eftir snertingu við hið næmandi efni, og einkennast af bólgumyndun í lungum.
Varan hefur einnig ertandi áhrif. Hún inniheldur efni sem valda staðbundinni ertingu í snertingu við húð eða augu, eða við innöndun. Getur einnig valdið næmingu í húð og augum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið strax læknis eða bráðamóttöku við inntöku eða önnur váhrif. Sýnið öryggisblaðið.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við hátt hitastig eða bruna geta myndast: Kolefnisoxíð og þykkur og svartur reykur.
Niðurbrotsefni geta reynst skaðleg heilsu.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið losun sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.
Hafið ílát til uppsöfnunar/hreinsunar til taks. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Minni háttar losun má hreinsa upp með klútum, eða ryksugu/sóp. Forðist rykmyndun. Setjið í viðeigandi vel lukt ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið mengað svæði með vatni og hreinsiefnum. Forðist notkun leysiefna.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Við notkun ætti að halda myndun gufu, úða, ryks og reyks í lágmarki. Notið persónuhlífar.
Hafið ílát til uppsöfnunar/hreinsunar til taks.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Steinefnaryk, óvirkt		10			WEL
Lífrænt ryk		3			WEL
Díkalíumperoxódísúlfat		2			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat)					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,28	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	50	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	20	mg/kg
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	80	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Skammtíma	DNEL	10	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	10	mg/m2
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	40	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,14	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	25	mg/m3
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,022	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,002	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	0,078	mg/l
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	0,008	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	1	mg/kg þurrefni
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	108	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.
Notið CE-merktar persónuhlífar.

Persónuhlífar



Augnhlífar
Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð (EN 166) með hliðarvörn.

Húð - hendur
Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr náttúrugúmmíi, nítrílgúmmíi eða PVC (EN 374).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað
Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri
Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síu P2 (Hvít).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Fast efni

pH: 6,5 (1%)

Leysanleiki í vatni: Leysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Sjá lið 7.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar/afoxarar, sterkar sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við hátt hitastig eða bruna geta myndast: Kolefnisoxíð og þykkur og svartur reykur.
Niðurbrotsefni geta reynst skaðleg heilsu.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Díkalíumperoxódísúlfat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	1130	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>10000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>10,7	mg/l/4 klst	rotta	

Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	500	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>200	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>5	mg/l/4 klst	rotta	

Húðerting/æting Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

Alvarlegur augnskaði Veldur alvarlegri augnertingu.

Næming Varan inniheldur efni sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki með næmingu.
Næmandi áhrif. Varan inniheldur efni sem geta valdið ofnæmi við innöndun.
Ofnæmisviðbrögð hefjast að jafnaði um klukkustund eftir snertingu við hið næmandi efni,
og einkennast af bólgumyndun í lungum.

Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

Eiturhrif á líffæri (eitt skipti) Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

Eiturhrif á líffæri (endurtekin) Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

Ásvelgingarhætta: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

Langvinn eiturhrif:

Veldur alvarlegum vefjaskaða. Varan inniheldur ætandi efni. Innöndun gufu eða úða getur valdið hósta, sviða og ertingu í öndunarvegi og lungnaskaða. Ætandi efni valda varanlegum augnskaða. Ætir húð.
Varan inniheldur efni sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá fólki með næmingu.
Varan hefur einnig ertandi áhrif. Hún inniheldur efni sem valda staðbundinni ertingu
í snertingu við húð eða augu, eða við innöndun. Getur einnig valdið næmingu í húð og augum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Díkalíumperoxódísúlfat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	76,3 mg/l	96 klst	Fiskar	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar niður í vatni			

Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	1,09 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	NOEC	0,222 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	NOEC	0,267mg/l	28 d	Krabbadýr	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar niður í vatni			

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.

12.6 Annað: Varan inniheldur efni sem geta haft skaðleg, langvarandi áhrif á lífríki í vatni, vegna tregs niðurbrots.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: **Varúðarmerking**

UN Númer	3260
Efnisheiti v. flutninga:	CORROSIVE SOLID, ACIDIC, INORGANIC, N.O.S. (Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat))
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II
Jarðgangnaflokkun:	E
Mengunarhætta:	-



IMDG:

UN Númer	3260
Efnisheiti v. flutninga:	CORROSIVE SOLID, ACIDIC, INORGANIC, N.O.S. (Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat))
Hættuflokkur:	8
EmS:	F-A, S-B
Pökkunarflokkur:	II
Mengunarhætta:	Nei



IATA:

UN Númer	3260
Efnisheiti v. flutninga:	CORROSIVE SOLID, ACIDIC, INORGANIC, N.O.S. (Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)-bis(súlfat))
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H272	Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
H302	Hættulegt við inntöku
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H334	Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***ACTIV POOL APS***
SIKKERHEDSDATABLAD
OXY COMBITABS 5027
Endurskoðað: *23.10.2018 Útgáfa 1.0*